



# **Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2016-2017**



**Yfirlit yfir skólastarfið 2016 – 2017**

## Inngangur

Þessari skýrslu um skólaárið 2016-2017 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólastarfs skólaársins. Skólastjórnendur tóku skýrsluna saman en hún byggir á ígrundun og mati margra aðila innan skólans.

Við mat á skólastarfinu er stuðst við niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins, sem lögð er fyrir ár hvert. Einnig byggir matið á SVOT greiningum sem eru lagðar reglulega fyrir starfsmannahópinn, netkönnunum og skólapingi.

Skýrslan gefur yfirlit yfir starfshætti og innra mat skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað er um helstu áherslupætti. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Unnin hefur verið umbótaáætlun út frá niðurstöðum þessarar vorskýrslu. Hún er einnig birt á heimasíðu skólans og verður unnið eftir henni skólaárið 2017-2018.

[Inngangur](#)

[Sýn og stefna Oddeyrarskóla](#)

[Nám og kennsla](#)

[Teymisvinna – samstarf](#)

[Sundkennsla](#)

[Samræmd próf](#)

[Aukinn áhugi nemenda Oddeyrarskóla á lestri](#)

[Skimanir og aðrar athuganir á lestri](#)

[Valgreinar](#)

[Skólaþróun - lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla](#)

[Læsissteymi](#)

[Þróun í upplýsingatækni](#)

[Raddir nemenda](#)

[Líðan og velferð](#)

[Nemendur](#)

[Unnið gegn einelti](#)

[Vinabekkjasmstarf skólaárið 2016-2017](#)

[Jafnrétti í skólastarfi](#)

[Ýmsir viðburðir á skólaárinu](#)

[SMT skólafærni](#)

[Frístund](#)

[Kennaranemar](#)

[Foreldrasamstarf](#)

[Samstarf foreldrafélags og skóla](#)

[Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk](#)

[Fundir í skóla](#)

[Þróunarstarf og símenntun starfsfólks](#)

[Námskeið og fræðslufundir í tengslum við skólastarfið](#)

[Fræðsla / endurmenntun á skólaárinu](#)

[Starfsfólk - vinnustaðurinn Oddeyrarskóli](#)

[Bókun 1 - vinna vegna bókunar í kjarasamningum kennara haustið 2016.](#)

[Úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa](#)

[Forvarnarfræðslur í Oddeyrarskóla](#)

[Úr skýrslum frá kennurum](#)

[Lokaorð](#)



## Sýn og stefna Oddeyrarskóla

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

**Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.**

**Jákvæður skólabragur** byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

## Nám og kennsla

Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi náí góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

## Teymisvinna – samstarf

Á yngsta stigi voru þrjú samstarfsteymi. Í fyrsta bekk voru tveir kennarar auk stuðningsfulltrúa frá lokum október. Í öðrum bekk störfuðu tveir kennarar eftir að þriðji kennarinn þurfti að hætta fljótlega eftir skólabyrjun. Í þriðja og fjórða bekk störfuðu saman tveir kennarar auk stuðningsfulltrúa og þar komu einnig fleiri kennarar að kennslu að einhverju leyti.

Á miðstigi starfar eitt kennarateymi og er samkennsla nokkur. Á stiginu starfa 4 kennarar og einn stuðningsfulltrúi þétt saman. Þrír kennarar voru umsjónarkennarar í bekk, en einn þeirra annaðist sérkennslumál að mestu.

Á unglíngastigi voru þrír umsjónarkennarar, hver með sinn bekk, sem mynduðu teymi unglíngastígs auk greinakennara. Í desember fór umsjónarkennari í 10. bekk í fæðingarorlof og kom annar kennari inn í hennar störf. Í stærðfræði unnu saman tveir kennarar í 8. bekk og aðrir tveir í 9. bekk og gekk þeim vel að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Í vetur unnu nemendur í 8. og 9. bekk saman að fjölbreyttum þemaverkefnum fjórum sinnum í viku undir handleiðslu fjögurra kennara. Þegar svo margir kennarar koma að kennslu er brýnt að þeir vinni þétt saman til að tryggja samfellu í námi og fái nauðsynlegan styrk hver af öðrum og gekk það mjög vel í þemavinnunni í vetur. Afrakstur þessarar vinnu var sérstaklega fjölbreyttur og skemmtilegur. Nokkrir kennarar á unglíngastigi bera alveg einir ábyrgð á námi í ákveðnum greinum sem veldur því að þeir hafa ekki tækifæri til faglegrar samræðu um sína grein sem er ókostur.

## Sundkennsla

Líkt og undanfarin haust var foreldrum barna sem eru að byrja í 1. bekk boðið upp á sundnámskeið fyrir börn sín í tæpar tvær vikur í upphafi skólaárs, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er hrein viðbót við lögbundna sundkennslu sem er síðan með hefðbundnum hætti, 40 mínútur á viku, allt skólaárið. Íþróttakennarar segja að námskeiðið auki öryggi barnanna í sundlauginni og í klefum og komi þeim á betra skrið í sundnáminu. Námskeiðið mæltist vel fyrir.

Líkt og undanfarin ár sóttu nemendur í 9. og 10. bekk sundnámskeið í vor sem þeir ljúka í haust. Námskeiðið kemur í stað vikulegra sundtíma allan veturinn. Þetta mæltist vel fyrir í vetur eins og áður.

## Samræmd próf

Í vetur voru samræmd könnunarpróf í fyrsta skipti lögð fyrir með rafrænum hætti. Sú framkvæmd gekk að lang mestu leyti vel fyrir sig. Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Prófin fyrir 7. bekk september voru lögð fyrri 22. og 23. september og fyrir 4. bekk 29. og 30. september.

Sú breyting hefur verið gerð á samræmdum könnunarprófum á unglingastigi er að þau verða framvegis tekin að vori í 9. bekk og því voru prófin núna í vor lögð bæði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Prófað var í íslensku, stærðfræði og ensku, dagana 7.- 9. mars. Hver nemandi mætti einungis tvo daga í próf, fyrri daginn tók hann íslensku og hluta af ensku prófi en seinni daginn tók hann stærðfræði og seinni hluta enskuprófs. Þetta fyrirkomulag var nokkuð gagnrýnt og töldu margir að betra væri að hver námsgrein fengi sinni prófadag.

Meðaltal raðeinkunna nemenda í Oddeyrarskóla má sjá hér fyrir neðan. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu miðað við árangur í heild á landsvísu. Raðeinkunn er byggð upp með þeim hætti að helmingur nemenda fær raðeinkunn lægri en 50 og helmingur þeirra raðeinkunn hærra en 50.

- **4. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 39,1  
[Stærðfræði: 58,1](#)
- **7. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 41,5  
Stærðfræði: 49,8
- **9. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 37,6  
Stærðfræði: 49,3  
[Enska: 51](#)
- **10. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 27,5  
Stærðfræði: 39,9  
Enska: 33

Einkunnir í öllum námsgreinum í 9. og 10. bekk voru gefnar í bókstöfum.

Árangur nemenda í 4. bekk í stærðfræði er ofan landsmeðaltals og er árangur í stærðfræði í öllum bekkjum betri en í íslensku. Vert er að hafa í huga þróunarverkefni Freydísar og Ragnheiðar Ástu kennara í 3. og 4. bekk með Zankow stærðfræðina sem unnið hefur verið með í um eitt skólaár í 4. bekk. Sú vinna tengist vafalaust bættum árangri nemenda í stærðfræði í 4. bekk. Hafin er markvissari eftirfylgni með lestrarnámi nemenda á mið- og unglingastigi sem verður að fylgja vel eftir auk þess að leita fleiri leiða til að ná betri árangri í íslensku. Í niðurstöðum Skólapúlsins fyrir þetta ár kemur fram bæði aukinn ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði. Víkja báðir þessir þættir marktækt frá landsmeðaltali á jákvæðan hátt og hefur ánægja af lestri aldrei verið meiri þau ár sem könnunin hefur verið lögð fyrir og hefur

aukist í Oddeyrarskóla á meðan hún dalar á landinu í heild. Því má kannski segja að það sé góður grunnur að byggja á til að efla nemendur enn frekar í færni sinni í íslenskri tungu.

## Aukinn áhugi nemenda Oddeyrarskóla á lestri

Nemendur í Oddeyrarskóla hafa ánægju af lestri, það sést vel í könnunum Skólapúlsins, sem lagðar hafa verið fyrir frá hausti 2011. Síðastliðinn vetur jókst þó ánægja nemenda skólans af lestri umtalsvert, svo mjög að starfsmaður frá Skólapúlsinum hafði samband við skólann og spurði hvort eitthvað sérstakt hefði verið gert sem hefði þessi jákvæðu áhrif.

Sex spurningar liggja að baki mælingunni:

- Ég les bara þegar ég verð að gera það.
- Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.
- Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.
- Ég verð ánægð(ur) þegar ég fæ bók að gjöf.
- Lestur er tímasóun fyrir mig.
- Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.



Sem dæmi má nefna að þegar nemendur Oddeyrarskóla eru spurðir að því hvort lestur sé eitt af uppáhaldsáhugamálum þeirra svara 52% nemenda í Oddeyrarskóla því að þeir séu sammála eða mjög sammála því en 33% nemenda á landinu í heild. 56% nemenda í Oddeyrarskóla eru sammála eða mjög sammála því að þeim finnst gaman að tala um bækur við aðra en 37% nemenda á landinu í heild.

Þegar við fórum að velta fyrir okkur hver skýringin gæti verið datt okkur fyrst í hug uppsetning LESTU hillanna á Degi íslenskrar tungu í nóvember 2016 og sú mikla umræða sem varð um lestur í kjölfarið. Sýnileiki hillanna hefur líka áhrif, þar sem allir nemendur 5. – 10. bekkjar ganga fram hjá þeim daglega og aðrir nemendur talsvert oft. Þessi skýring passar vel við niðurstöður Skólapúlsins því mælingin sem gerð var í október var einungis rétt yfir landsmeðaltali en mælingar í janúar og apríl langt yfir.

LESTU hillurnar virðast svo sannarlega hafa sannað gildi sitt.

## Skimanir og aðrar athuganir á lestri

Í upphafi skólaárs var ákveðið að fylgjast náið með framförum í lesfimi hjá öllum nemendum skólans en fram að því hafði áherslan verið á yngsta stigi og miðstigi. Hraðapróf voru lögð fyrir alla árganga þrisvar sinnum eða oftari yfir skólaárið. Ýmis hvetjandi vinna fór fram til að allir gætu séð hjá sér framfarir og náð árangri. Lestur heima og í skóla var áberandi og tók hann á sig ýmsar myndir. Stærstur hluti nemenda sýndi framfarir og margir hverjir mjög miklar. Þeir sem ekki sýndu framfarir hafa nú farið í nánari athuganir og er þá oft um að ræða einhvers konar lestrarvanda sem vinna þarf með á annan hátt.

Í fyrsta bekk er fyrst lögð fyrir skimun að hausti með skimunartækinu *Lesferill*. Það metur ýmsa þætti og flokkast niðurstöður í hvort nemendur lenda utan áhættu eða í áhættu eitt eða

tvö. Kennarar fóru vel yfir þessar niðurstöður og skipulögðu kennslu fyrir hópa innan árgangsins í samræmi við þær.

Í fyrsta bekk eru einnig lagt fyrir að vori skimunarprófið *Læsi*. Almenn viðmið um árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugum leiðsagnarmati og kennslu. Alls þreyttu á Akureyri 746 nemendur af 828 prófið og náðu 73% þeirra yfir 60% árangri. Í Oddeyrarskóla tóku 17 nemendur af 19 prófið og náðu 47% þeirra yfir 60% árangri. Í maí náðu allir nemendur 1. bekkjar lágmarksviðmiði MMS í lesfimi. Rýnt var í allar niðurstöður með það að markmiði að fella kennsluna alltaf betur að þörfum einstaklinga og hópa innan árgangsins. Mikil áhersla var lögð á að auka skilning og orðaforða og auk þess fór fram kennsla á stöfum og hljóðum þar sem þess var þörf og mikil almenn lestrarþjálfun.

Í öðrum bekk voru í vetur lögð fyrir lesfimiþróf auk skimunarþrófs sem kallast *Lesmál*. Á Akureyri þreyttu alls 740 nemendur af 805 skimunarprófið og náðu 75% þeirra yfir 60% árangri. Í Oddeyrarskóla tóku allir nemendur í árganginum prófið (23 nemendur) og náðu 57% þeirra yfir 60% árangri. Í lok skólaárs höfðu 5 nemendur af 23 ekki náð lágmarksviðmiðum um lesfimi skv. Viðmiðum MMS. Þeir nemendur fóru í LOGOS skimun þar sem fram komu vísbendingar um sérstaka lestrarerfiðleika í einhverjum tilvikum. Þeir nemendur fá sérstaka athygli og úrræði.

Unnið var markvisst út frá niðurstöðum fyrri prófa þar sem nemendur fengu úrræði og kennslu út frá stöðu sinni í lestri.

*Orðarún* - Mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. - 8. bekk grunnskóla. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, einnig kannar það hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Prófin eru tvö og hafa verið lögð fyrir að hausti og seinni hluta vetrar. Í vetur var ákveðið að leggja hvort próf fyrir tvisvar og gekk það í sumum bekkjum en í öðrum ekki, því var ákveðið að taka hér einungis sama niðurstöður úr fyrri fyrirlögn.

Í Oddeyrarskóla er prófið lagt fyrir nemendur í 3. - 10. bekk og því sama prófið lagt fyrir í 8. - 10. bekk. Niðurstöður sýna að prófið er orðið of létt fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og er það því einungis notað til að benda nemendum á hvort þeir taki framförum en ekki teknar með í heildarniðurstöður fyrir skólann. Helstu niðurstöður úr prófi 2 eru þær að nokkur munur er á milli bekkja; 62-82% nemenda í 3. - 8. bekk náðu meðaltalsárangri eða betri árangri. En ánægjulegu fréttirnar eru þær að gífurlegur munur er á milli mælinga í prófi 1 og 2, sérstaklega í 3. og 4. bekk, sem gefur vísbendingar um að nemendur séu auka lesskilnings sinn verulega á nokkrum mánuðum.

## Valgreinar

Tímafjöldi nemenda í 8.-10. bekk er 37 stundir á viku. Nemendur í 8. bekk eru 31 kennslustund í grunnfögum á viku og fá því 6 kennslustundir á viku í valgreinum. Flestar valgreinar eru 2 kest. á viku og velja flestir nemendur sér því þrjár valgreinar og er ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Nemendur í 9.– 10. bekk eru í 29 kest á viku í grunnfögum og því flestir í fjórum valgreinum og ein þeirra bundin list- og verkgreinum.



Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Í vetur sóttu 45 nemendur nám í samvalsvalgreinar, sem er nokkuð færri en árið á undan. Einnig geta nemendur fengið metið nám í tónlistar- og myndlistarskólum og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu um 30 nemendur sér þann möguleika, eins og s.l. ár fengu flestir metnar íshökkýæfingar, eða tæplega þriðjungur þeirra nemenda sem fá metið val. Aðrar greinar sem nemendur fengu metnar voru dans, fimleikar, golf, judo, karate, parkour, knattspyrna, skátastarf og tónlistarnám.

Svo sem undanfarin ár gátu nemendur valið sér greinar sem voru kenndar í Verkmenntaskólans á Akureyri og voru þær metnar til eininga. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, rafiðnir, sjónlistir og trúsnir, auk þess var líka boðið upp á háriðn sem naut mikilla vinsælda. Tveir nemendur úr Oddeyrarskóla luku einingum í rafiðn og fjórar í háriðn. Báðir nemendur í rafiðn voru drengir og allir nemendur í háriðn voru stúlkur, sem gefur tilefni til samræðu um námsval.

## Skólapróun - lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla

Við í Oddeyrarskóla færum okkur stöðugt nær því að byggja upp menningu lærdómssamfélags. Það sem helst einkennir lærdómssamfélag er samstarfsmenning með áherslu á nám, að allir hafi sameiginlega sýn á það ástand sem þarf að skapa til að ná markmiðum, að allir hafi sameiginleg gildi og væntingar og lögð sé áhersla á markmiðs- og árangursmiðað starf. Þar sem menning lærdómssamfélags ríkir eru allir skuldbundnir til að leggja sitt af mörkum til stöðugar þróunar.



## Læsisteymi

Sama læsisteymi hefur nú starfað við Oddeyrarskóla í tvo vetur. Það skipa fjórir kennarar auk beggja deildarstjóra. Verkefni þess í vetur var m.a. að rýna í niðurstöður úr nýjum lesfimiþrófum Menntamálastofnunar og lesskilningsprófunum Orðarún. Auk þess að halda utan um og vera leiðandi í tengslum við þróunarverkefnið *Tölum saman - lærum saman*. Teymið fór til Bretlands og heimsótti skóla sem hefur náð árangri með að nota samræður í skólastarfi. Skólinn er fyrir nemendur upp að 12 ára og hefur verið unnið þar markvisst með samræðuaðferðir með aðstoð sérfræðinga á svæðinu. Í heimsókninni mátti glögg sjá að nemendur skólans hafa fengið leiðsögn og þjálfun í að eiga samræður um námið, kennarar voru öruggir í þeim aðferðum og beittu í almennri kennslu spurningum sem kalla á ígrunduð svör og rökstuðning. Þróunarverkefnið *Tölum saman lærum saman* var ekki unnið af eins miklum krafti í Oddeyrarskóla og árið áður og kallar kennarar eftir meiri stuðningi. Til að bregðast við því var ákveðið að kaupa námskeið frá þessu svæði sem við heimsóttum. Í heimsókninni gafst læsisteyminu tækifæri á að hitta stýrihóp um *Talk for learning* sem var að huga að ráðstefnu um efnið. Þar var m.a. Clare Reed sem hefur þróað og kennt efni sem miðar að því að auka færni kennara og nemenda í samræðum í námi. Clare verður með námskeið í skólanum í upphafi næsta skólaárs.

Í tengslum við bókun 1 var farið í naflaskoðun um teymin innan skólans. Flestir kennarar eru á því að læsisteymið sé mikilvægt fyrir skólastarfið en margir nefna að það þurfi að vera meira áberandi og styðja betur við kennara, t.d. með innleggi á kennarafundum. Einnig má sjá svörum kennara að margir vita ekki hvert hlutverk teymisins er og því er mikilvægt að það bæði kynni hlutverk sitt, sé sýnilegra og leiðandi í skólastarfi.

## Þróun í upplýsingatækni



Áfram hefur verið gróska innan Oddeyrarskóla í námi og kennslu í upplýsingatækni. Google verkefnið okkar hefur



skipað stóran og fastan sess í daglegri vinnu bæði nemenda og kennara en það býður sífellt upp á nýjungar. Heimasíðugerð í gegnum Google fór af stað auk þess sem kennarar og nemendur reyndu fyrir sér í forritun. Forritun var kennd í 1. - 8. bekk. Við hlutum styrk frá Forriturum framtíðarinnar til að þjálfra kennara meira í forritun og forritun í spjaldtölvum. Forritunin hefur slegið í gegn hjá nemendum og ljóst er að við munum halda ótrauð áfram í þeirri skemmtilegu og lærdómsríku vinnu. Tækjakostur skólans hefur batnað til muna, en nú eru til yfir 100 tæki fyrir 190 nemendur skólans og stendur til að fjölga enn frekar með þriðja Chromebook vagninum í safnið sem er ætlaður nemendum yngsta stigs.

## Raddir nemenda

Á nemendabingi voru nemendur yfirleitt jákvæðir gagnvart náminu en þeir komu einnig fram með ábendingar sem m.a. lúta að fjölbreyttari verkefnum í ákveðnum greinum, meiri útiveru og meiri samræðu.

Nemendabing á yngsta stigi var haldið í lok apríl. Börnin glímdu við tvær spurningar í blönduðum litlum hópum. Fyrir spurningin sem rædd var snerist um aukna hreyfingu. Börnin eru vön því að fara vikulega í sund og íþróttir auk hreyfistunda á milli verkefna yfir daginn. Þau sjá fyrir sér að auka við þetta sem verið er að gera og bæta við verkefnum sem krefjast hreyfingar. Einnig var óskað eftir fleiri leiktækjum til leikja innanhúss og utan sem hvetja til hreyfingar. Skólahreystibraut var nefnd auk fleiri tækja sem myndu auka líkur á að krakkarnir væru að reyna meira á sig.

Síðari spurning var um nám nemenda, hvað við getum gert til að gera verkefni áhugaverð. Sem dæmi um slík verkefni að mati nemenda eru; spilaleikir í stærðfræði, þemavinna, tala við félag, smiðjudagar, að búa til bækur, vettvangsferðir, tónlist, þrautir, fleiri smiðjur og meiri hreyfing. Einn hópurinn vildi fá dýr í skólann til að hugsa um og lesa fyrir.

Nemendur á mið- og unglingastigi fengu 12 spurningar sem lutu að námi, líðan og samskiptum. Á þingi nemenda miðstigs er jákvæður tónn, nemendum finnst yfirleitt ganga vel og þegar þeir benda á leiðir til að gera betur nefna þeir oft samræður sem leið. "Við gætum haft fleiri bekkjarfundi og talað meira við krakkana sem líður illa" Og þeir eru jákvæðir gagnvart kennurunum sínum og finnst þeir fá hvatningu frá starfsfólki skólans. "Kennarar í Oddeyrarskóla reyna að skilja krakkana og frekar tala við þau en skamma þau". Þeir eru

áberandi jákvæðir gagnvart því hvernig tæknin nýtist þeim í námi. Þeir benda líka á mikilvægi þess að námið sé fjölbreytt og að allir fái verkefni við hæfi.

Á nemendapingi unglingastigs sem haldið var í maí voru nemendur yfirleitt jákvæðir gagnvart skólanum. Hjá mörgum kom fram að þeir vilja fleiri íþróttatíma og einnig var áberandi að nemendur hafa mjög mismunandi skoðanir á því hvort það sé jákvætt að nemendur úr mismunandi bekkjum vinni saman eins og að þemaverkefnum. Mjög margir nefndu mikilvægi þess að námið væri fjölbreytt. Þeir töldu líka að það að nemendur þurfi að halda margar kynningar á verkefnum fyrir framan aðra nemendur, auki sjálfstraust þeirra.

## Líðan og velferð

### Nemendur

Undanfarin ár hafa niðurstöður úr Skólupúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6.-10. bekk, gefið vísbendingar um að nemendum í Oddeyrarskóla líði að jafnaði ekki eins vel og öðrum nemendum á landinu. Nú er hins vegar annað hljóð í strokknum. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Fyrir ári viku allir þessir þættir marktækt frá landsmeðaltali á neikvæðan hátt. Nú eru það aðeins tveir matsþættir sem víkja marktækt frá landsmeðaltali; sjálfsálit og stjórn á eigin lífi, þó víkja þeir mun minna frá landsmeðaltali en áður. Aðrir þættir mælast svipaðir og á landinu öllu. Þessar mælingar gefa því vísbendingar um að líðan nemenda í Oddeyrarskóla sé mun betri en undanfarin ár. Sú breyting var gerð í fyrirlögn könnunarinnar í vetur að hún var lögð fyrir nemendur í þremur hópum í október, janúar og apríl, áður var nemendum bara skipt í tvo hópa.

Í vetur hefur námsráðgjafi í samvinnu við Sigríði Þórisdóttur sálfræðing og tvo kennara á unglingastigi unnið að því að innleiða verkefni sem gengur út á að styrkja nemendur svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við það mótlæti sem mætir þeim í lífinu. Verkefnið gengur undir nafninu DAM "díalektísk" atferlismeðferð og er áhersla lögð á að kenna nemendum hvernig þeir geta brugðist við kvíða og neikvæðri líðan og einnig er lögð áhersla á að efla sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni. Í vetur var verkefnið unnið með nemendum í 8. bekk og gaf það góða raun. Næsta vetur er fyrirhugað að fylgja nemendum í 9. bekk eftir með upprifjun og leggja verkefnið fyrir nemendur í 8. bekk og aðlaga það nemendum í 1. bekk.

Tveir kennarar skólans og námsráðgjafi sóttu námskeið í ART síðastliðið skólaár. Art stendur fyrir *Agression Replacement Training* og er fastmótað uppeldisfræðilegt módel sem hefur að markmiðið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta- tilfinninga- og hegðunarvanda. Unnið er með félagsfærni, sjálfsstjórnun (reiðstjórnun) og siðferðisvitund. Unnið var markvisst með þrjá árganga þetta skólaár og ætlunin er að vinna áfram með ART á yngsta og miðstigi skólans eins og mögulegt er næsta skólaár.



## Unnið gegn einelti

Á heimasíðu skólans má finna fræðsluáætlun, viðbragðaáætlun- og skimunaráætlun gegn einelti sem skólinn starfar eftir. Við skólann starfar forvarnarteymi gegn einelti sem samsett er af námsráðgjafa, skólastjórnanda og íþróttakennara.

Niðurstöður Skólapúlsins benda til að einelti hafi minnkað í skólanum þar sem ekki mælast marktæk frávik frá landsmeðaltali eins og verið hefur á síðustu árum.

## Vinabekkjasmstarf skólaárið 2016-2017



Hefð er orðin fyrir því að nemendur í 8. bekk verði vinir nemenda í 1. bekk og hefjast kynnin áður en yngri nemendurnir byrja í skóla. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í leikskólann lðavöll og hitta verðandi grunnskólabörn og leikskólabörnin koma í heimsókn í grunnskólann þar sem nemendur í 7. bekk taka á móti þeim. Krakkarnir eru paraðir saman þannig að hver nemandi á sinn vin. Fyrstu vikuna í skólanum að hausti fylgja nemendur í 8. bekk vinum sínum í 1. bekk í útiveru og eru með þeim í nokkrum verkefnum yfir veturinn. Þegar unnið er í hópum þar sem allir nemendur skólans taka þátt þvert á bekk er lögð áhersla á að vinir séu saman, líka þeir eldri þ.e.a.s. vinir úr 2. og 9. bekk og 3. og 10. bekk.

Vinasamstarfið minnkar smám saman þegar börnin eldast en á skólaþingi í vor kom það fram hjá nemendum í öllum bekkjum á unglingsstigi að þeir vilja hafa vinasamstarfið meira - þeim þykir það skemmtilegt, þetta kom reyndar líka fram á skólaþingi í fyrra.

Kennarar hafa verið hvattir til að koma sér upp vinabekkjum í öðrum grunnskólum á Akureyri. Í haust fóru nemendur úr 8. og 9. bekk og hittu jafnaldra sína í Glerárskóla og í nóvember komu rúmlega 50 nemendur af unglingsstigi í Glerárskóla í heimsókn í Oddeyrarskóla í einn dag. Þessar heimsóknir tókust mjög vel. Fyrirhugað er áframhaldandi samstarf milli þessara skóla næsta vetur. Við trúum því að aukið samstarfi við aðra skóla þar sem nemendur ná að kynna, ýti undir jákvæð samskipti og geti eflt sjálfstraust nemenda.

## Jafnrétti í skólastarfi

Jafnréttisnefndin lagði fyrir könnun í haust *Jafnrétti - viðhorfakönnun* fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Í haust fóru nemendur í 9. bekk í tveggja daga í starfskynningu í fyrirtæki, annan daginn fóru þeir á vinnustað að eigin vali en hinn daginn var óskað eftir að nemendur veldu sér vinnustað sem er óhefðbundinn út frá kynjasjónarmiðum. Þá er óskað eftir því að strákar kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta.

Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á 23. gr. jafnréttislaga þar sem segir: *Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.*

*Viðmælendaverkefni:* Við tókum þátt í verkefninu *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir* þar sem unnið er að því að framleiða myndbönd (með verkefnum) í þeim tilgangi að vinna gegn

kynbundnum staðalmyndum um nám og störf. Byrjað er að framleiða þrjú myndbönd sem eru fyrir mismunandi aldur. Þátttakendur eru á aldrinum 6 – 12 ára.

Nemendur í 5. og 6. bekk fengu fræðslu frá námsráðgjafa og unnu [verkefni tengt staðalmyndum](#). Í framhaldinu kom Gísli Kort Kristófersson geðhjúkrunarfræðingur í heimsókn og ræddi við nemendur m.a. um staðalmyndir og verkefni þar sem félag íslenskra hjúkrunarfræðinga vinnur að því að að efla þátt karlmanna í hjúkrun. [Mjög skemmtilegar og áhugaverðar umræður](#).

Fulltrúar Tækniskólans kynntu #Kvennastarf þeir töluðu um tækifæri í framtíðinni, óhefðbundin kvennastörf og mikilvægi að velja sér starf eftir áhuga. <https://upptaka.unak.is/Panopto/Pages/Viewer.aspx?id=629f193f-a0f9-4556-9444-ef16d71034a0>

Nemendur í 3. og 4. bekk hafa verið að lesa bókina *Iðnir krakkar* að frumkvæði umsjónarkennara en í tengslum við bókina fóru krakkararnir í heimsókn í VMA sem tók mjög vel á móti þeim og fræddi þau um [ýmsar iðngreinar](#).

*Starfamessa* var 27. apríl og tók Jafnréttistofa þátt í því verkefni og kynnti sig og verkefnið *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir*. Þau fyrirtæki og skólar sem eru í verkefninu eru mun viljugri enn önnur að taka þátt.

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir kynjafræðingur var með fyrirlestur fyrir starfsfólk Oddeyrarskóla 28. apríl um jafnrétti, staðalmyndir og “hvað getur kennarinn gert” í sínu starfi.

Að lokum þá hefur náms- og starfsráðgjafa og jafnréttisnefnd skólans gefist kostur á að sækja nokkur erindi í tengslum við verkefnið sem er ómetanlegur stuðningur í þennan málaflokk og umræðuna tengda honum en hún er mjög lítil og veikburða.

## Ýmsir viðburðir á skólaárinu

- Nemendur í 7. bekk byrjuðu skólaárið í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði, eins og undanfarin ár.
- Útivistardagur - 1. september. Nemendur úr 1. bekk enduðu í sundlaugargarðinum þar sem þeir þurftu að flýja Hamarkotstún sökum geitunga. Nemendur úr 2. bekk fóru út í Sílabás og þeir sem voru í 3. og 4. bekk fóru í Krossanessborgir. U.þ.b. 60 nemendur á mið- og unglíngastigi völdu að ganga Þingmannaleið, 30 nemendur fóru hjólaferð og 15 nemendur fóru í gönguferð í Kjarna. Dagurinn gekk vel en kennarar töluðu um að passa þyrfti vel upp á skipulag í lengri ferðum á mið- og unglíngastigi, þar sem hópurinn er mjög fjölbreyttur. Kennarar á yngsta stigi kölluðu eftir breytingu á skipulagi og nefndu að gaman væri að fara með a.m.k. einn hóp í lengri ferð.
- Í september tók starfsfólk og nemendur Oddeyrarskóla þátt í verkefninu **Göngum í skólann**, sem er hreyfihvatning á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í samstarfi við fleiri stofnanir.
- Fjölgreindardagur í október. Nafnið á deginum vísar í fjölgreindarkenningar Gardners, en þennan dag fóru nemendur á milli stöðva í aldursblönduðum hópum og unnu fjölbreytt verkefni sem reyndu á mismunandi greindir.
- Rýmingaræfing var haldin í skólanum á fjölgreindardaginn, því þurfti að rýma skólann við heldur óvenjulegar aðstæður og gekk það vel.
- Krakkakosningar. Í október tveimur dögum fyrir kosningar til Alþingis tóku nemendur á mið- og unglíngastigi Oddeyrarskóla þátt í krakkakosningum. Nemendur höfðu fengið kynningu frá öllum flokkum sem eru í framboði til Alþingiskosninga.  
<http://krakkaruv.is/krakkakosningar>
- Dagur íslenskrar tungu var að vanda haldinn hátíðlegur 16. nóvember en með öðru sniði en áður. Allir nemendur skólans héldu saman upp á daginn með hátíðlegri athöfn á sal þar sem m.a. LESTU hillurnar voru vígðar.
- Starfskynningar nemenda í 9. bekk. Í nóvember fóru nemendur í 9. bekk í starfskynningar í hin ýmsu fyrirtæki í bænum. Að þeim loknum kynntu þeir fyrirtækin sem þeir heimsóttu fyrir foreldrum sínum og starfsfólki skólans.
- Nemendaráð stóð fyrir hæfileikakeppni í desember, sem var sérstaklega vel heppnuð.
- Kaffihúsadagur. Sú hefð hefur skapast á aðventunni að nemendur í 9. bekk útibúi kaffihús innan skólans þar sem boðið er upp á kakó og piparkökur. Foreldrafélagið leggur út fyrir veitingunum.
- Litlu jólin. Nemendur byrjuðu á samverustund með kennurum í heimastofu og síðan dönsuðu allir saman í kringum jólatré á sal. Á eftir komu svo jólasveinar með gott í poka inn í alla bekki.
- Árshátíð skólans var haldin laugardaginn 21. janúar. Sú breyting var gerð í ár að sýningum var fjölgað úr tveimur í þrjár. Fyrsta sýningin var kl. 11 og á henni sýndu bara nemendur í 1.-4. bekk og nemendur í 10. bekk. Næsta sýning var kl. 13 og á henni sýndu nemendur úr 5.-7. bekk auk nemenda í 10. bekk. Á síðustu sýningunni stigu nemendur á unglíngastigi á stökk og um kvöldið var árshátíðarball fyrir þá. Dagurinn tókst með mjög vel. Í mati starfsfólks á deginum kom fram mikil ánægja með þrjár sýningar þar sem það var rýmra um allt, þó kom fram að það er mikið fyrir

nemendur í 10. bekk að sýna á þremur sýningum. Einnig var bent á að betra væri að blanda saman nemendum af ólíkum stigum það yki fjölbreytni sýninganna.

- Stóra upplestrarkeppnin. Nemendur í 7. bekk tóku þátt í stóru upplestarkeppninni nú sem endranær og stóðu þeir sig mjög vel þó svo þeir næðu ekki verðlaunsæti.
- Skólahreystilið skólans stóð vel í undankeppninni hér í Íþróttahöllinni.
- Nemendur og starfsfólk Oddeyrarskóla tóku þátt í Lífshlaupinu í febrúar og sigruðu nemendur í sínum stærðarflokki og starfsfólkið varð í öðru sæti.
- Í síðustu viku fyrir páska var góðgerðarvika í Oddeyrarskóla. Í góðverkavíkunni gerðu nemendur ýmis góðverk hjá einstaklingum og fyrirækjum og skorðuðu um leið á aðra að gera góðverk með því að láta fé að hendi rakna til UNICEF. Með þessu móti söfnuðu nemendur töluverðu fé til UNICEF sem verða notaðir til að kaupa ofurhetjupakka og næringarmjólk. Vikan endaði á páskabingói að venju.
- 100 miða leikurinn var haldinn í maí og fór þeir nemendur sem dregnir voru út í heimsókn á N4 og fengu síðan kruðerí í bakaríi.
- Skíðadagur gekk mjög vel þegar hann loksins komst á í byrjun apríl en honum þurfti að fresta margsinis.
- Sumargjöf. Allir nemendur skólans fá sumargjöf í formi jákvæðrar umsagnar senda heim til sín fyrir Sumardaginn fyrsta.
- Skólalæping. Í vor var haldið skólalæping nemenda í 5.-9. bekk, í því skyni að kalla eftir röddum nemenda varðandi ýmsa þætti í skólalæpingu. Nemendur hvers stigs skiluðu niðurstöðum í sameiningu. Unnið var í litlum hópum og niðurstöður teknar saman. Þar kom m.a. Skýrt fram að nemendur vilja meira samstarf við vinabekki. Samræðurnar í hópunum voru yfirleitt góðar og niðurstöðurnar nýtast til að bæta skólalæpingu.
- Útskriftarferð nemenda í 10. bekk gekk afar vel að vanda.
- Í vetur voru heimsóknir frá nemendum á leikskólanum lðavelli samkvæmt samstarfsáætlun milli skólanna.
- Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í heimsóknir í framhaldsskólana í bænum, auk þess sem nemendur í 10. bekk fóru í heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga.

## SMT skólalæfarni

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði **SMT skólalæfarni**. Innleiðing á SMT skólalæfarni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Nú vinnum við sem sjálfstæður SMT skóli. Vinna með SMT agafarli var í nokkuð föstum skorðum og því með líku sniði og undanfarin ár. Lagt var upp með skipulag samkvæmt árshjólí. 100 miða leikurinn var haldinn í mars, en hann er orðinn að hefð í skólalæpingu okkar. Í leiknum fá 100 nemendur skólans stjórn, sem staðfestingu á því að þeir hafi fylgt reglum eða einkunnarorðum skólans og fara þannig í pott. 10 af þeim nemendum eru dregnir út og fá umbun í formi vettvangsferðar með SMT stýrihópi skólans. Að þessu sinni var farið í heimsókn á sjónvarpsstöðina N4 og farið í kaffi í Axelsbakaríi sem er í sama húsnæði.



SET listar voru lagðir fyrir til að kanna hvaða upplifun nemendur og starfsfólk hafa af SMT vinnunni og hvernig þeir þekki hana og kom sú könnun vel út. Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er 98,7%. Þeir þættir sem skoðaðir eru á SET lista könnun er hvort reglur séu skilgreindar og kenndar, hvort til staðar sé viðvarandi hvatningarkerfi, hvort skólinn sé með samræmd viðbrögð við óæskilegri hegðun, hvort nægilegt eftirlit sé með skráningum og hvort ákvarðanir séu teknar út frá þeim. Loks er mat á því hvernig vinnunni er stýrt og hvort sveitafélagið veiti stuðning.

**SMT lausnarteymi** vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Meðlimir lausnateymis eru fimm, kennarar af yngsta- og unglingastigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar ásamt námsráðgjafa. Farið var yfir þríhyrninga tvisvar á skólaárinu, október og febrúar, heimtur voru mjög góðar í bæði skiptin.

Ein formleg umsókn barst teyminu þennan vetur. Helstu verkefni voru að bjóða kennurum aðstoð við gerð umbunarkerfis, check in/out, virknimat var gert. Kennarar í skólanum er margir hverjir orðnir mjög úrræðagóðir þegar unnið er að málefnum nemenda og mörg mál í góðum farvegi hjá þeim.

Markmið fyrir næsta vetur er að sjá til þess að teymið sé skipað fulltrúum af öllum stigum. Fá tíma til að fara yfir hvert hlutverk teymisins er með samstarfsfólki. Hugmynd að hittast oft og styttra. Fylgja vel eftir þeim sem eru í efsta - laginu, hvað er verið að gera og hvað getum við gert til að styðja við nemandann. Hver meðlimur tekur ábyrgð á einstaka máli.

## Frístund

Frístund var í boði fyrir nemendur 1.-4. bekkjar í vetur frá því að hefðbundinni stundarskrá var lokið dag hvern og til klukkan 16:15. Þrír starfsmenn voru í Frístund. Nýtingin var mest í 1. og 2. bekk.

## Kennaranemar

Í Oddeyrarskóla er mikil hefð fyrir því að taka á móti kennaranemum, enda er nauðsynlegt fyrir verðandi kennara að fá góða reynslu og leiðsögn á vettvangi. Skólinn nýtur ávallt góðs af því að fá kröftuga og metnaðarfulla nema á vettvang. Því hefur skólinn gert samstarfssamning við kennaradeild HA um að vera móttökuskóli fyrir kennaranema við HA. Haustið 2016 kom einn nemi frá HA í vettvangsnám og æfingakennslu. Hann vann með teymi unglingastigskennara. Í mars fengum við einnig fjóra nema af 2. ári frá HA. Á vormánuði var síðan beðið fyrir tvo nema í langt vettvangsnám og æfingakennslu á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

## Foreldrasamstarf

### Samstarf foreldrafélags og skóla

Stjórnendur skólans hafa átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni



foreldrafélagsins hvert skólaár hefur verið að sjá undirbúning fyrir hausthátíð skólans, en á þess sinni var tekin ákvörðun um að halda ekki hausthátíð, heldur að nýta fjármagnið í annað.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árshátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Það voru að þessu sinni tvö kaffihlaðborð í samráði við stjórnendur skólans, þar sem skólinn brá á það ráð að hafa árshátíðarsýningarnar þrjár. Sáú foreldrar um uppröðun, skipulag, vinnu og allan frágang. Það var lagt á borð í matsal, kennslustofum á austurgangi og á ganginum sjálfum enda alltaf mikil aðsókn í kaffi þennan dag. Foreldrafélagið studdi einnig við nemendur 10. bekkjar fyrir árshátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði nemenda 10. bekkjar.

## **Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk**

Foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk býðst að fá umsjónarkennara barna sinna í heimsókn til að ræða um skólastarfið og líðan nemenda. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er örstutt að vori áður en nemendur byrja. Umsjónarkennarar nemenda í 8. bekk heimsækja sína nemendur í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum. Allflestir foreldrar þáðu heimsókn frá kennara þetta skólaárið eins og oftast áður.

## **Fundir í skóla**

Í september eru foreldrar boðaðir á haustkynningarfundi þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrum gefst tækifæri til að hittast og spjalla.. Hefðbundnir viðtalsdagar kennara, nemenda og foreldra voru í nóvember og mars. Mjög góð mæting var í viðtölin.

Í vetur var í fyrsta sinn boðið upp á sérstaka fræðslu fyrir foreldra 1., 5. og 8. bekkjar, Vilborg Hjörny Ívarsdóttir, sérfræðingur í félagsmálum barna hélt utan um og skipulagði þá fræðslu. Henni er ætlað að stuðla að samstöðu milli foreldra og hefur forvarnarlegt gildi. Samstaða foreldra er rauður þráður í fræðslunni og rætt er um hvernig koma megi á góðum samskiptum og hvernig bregðast á við ágreiningi sem upp getur komið.

Í vor var að venju haldinn fundur fyrir foreldra sem eiga börn sem hefja nám í 1. bekk næsta haust. Fundurinn var vel sóttur og farið var yfir ýmist praktísk mál sem tengjast skólabyrjun. Á fundinn kom líka Guðbjörg Ingimundardóttir frá fræðsluviði en hún ætlar að bjóða foreldrum á PMT námskeið næsta haust þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er 8 skipti, klukkutími í senn og verður á þriðjudagsmorgnum.

Í vetur var haldinn einn fundur fyrir foreldra á unglingastigi þar sem áhersla var á heilbriggt lífferni. Bjarki Gíslason íþróttakennari, Ingibjörg Sólrún Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur skólans og María Aðalsteinsdóttir umsjónarkennari voru með stutt innlegg og svo voru umræður í kjölfarið. Fundurinn tókst vel þó þátttaka hefði mátt vera meiri.

## Þróunarstarf og símenntun starfsfólks

Í vetur voru áfram stigin skref nær því að til verði lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu, samræður í skólastarfi og nýtingu upplýsingatækni í námi nemenda. Jafnframt lögð er áhersla á að allir læri saman, starfsfólk og nemendur.

Kennarafundir og aðrir fundartímar voru eins og kostur var nýttir til faglegrar samræðu og miðlunar.

Eitt af því sem okkur þykir mjög mikilvægt til að efla lærdómssamfélag innan veggja skólans er að halda innanhússþing kennara, þar sem kennarar kynna vinnu sem þeir hafa unnið með nemendum á skólaárinu. Á vordögum 2017 kynntu allflestir kennarar skólans verkefni sem þeir hafa unnið að í vetur og var mikil ánægja með þann dag.

Mikil áhersla hefur verið lögð á lestur og læsi og með miðlægum gagnagrunni höfum við getað haldið utan um lesfimi allra nemenda skólans. Niðurstöður sýna með afgerandi hætti verulegar framfarir nemenda í lesfimi í öllum bekkjum skólans. Þróunarvinna okkar um samræður í námi styður við þessa vinnu með því að vinna með hugtakaskilning nemenda og færni þeirra í að nota tungumálið til að ná auknum skilningi á viðfangsefninu og ræða það á lýðræðislegan hátt.

Upplýsingatækni var gert hátt undir höfði í skólanum síðastliðinn vetur. Nokkrir kennarar í skólanum hafa verið leiðandi í þeirri starfsþróun og hafa unnið óeigingjarnt starf við endurmenntun og miðlun til annarra, innan og utan skólans. Mest hefur verið unnið við að þróa notkun á umhverfi sem kallast *Google Suite for Education* og hefur sú vinna vakið athygli innan bæjar og utan. Kennarar skólans hafa verið mjög móttækilegir og tilbúnir til að tileinka sér og nýta þetta nýja umhverfi og hafa nemendur skólans notið góðs af. Skólinn sótti um styrk til Forritara framtíðarinnar og hlaut veglegan styrk í formi endurmenntunar í forritun fyrir kennara. Sótt hefur verið um áframhaldandi styrk til forritara framtíðarinnar, nú krossum við fingur að fá styrk í formi búnaðar svo auðveldara verði að koma við kennslu í forritun og annarri upplýsingatækni. Skólinn er þátttakandi í verkefni sem kallast #Eymennt, en það er samstarf sex skóla á Eyjafjarðarsvæðinu um upplýsingatækni í námi. Hópurinn sótti um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla og hefur á skólaárinu haldið 6 menntabúðir í þessum skólum.

Á skólaárinu héldu Ragnheiður Ásta og Freydís, kennarar 3. og 4. bekkjar, áfram með vinnu við að þróa nýjar leiðir í stærðfræðinámi í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur ráðgjafa hjá MSHA. Aðferðin er kölluð Zankow stærðfræðin og gengur í grófum dráttum út á að auka við hugtakaskilning og rökhugsun nemenda með samræðum, tala um lausnir að dæmum og ræða um hugtök og fleira. Einnig var mikil áhersla lögð á þrautalausnir, skriflegar og munnlegar. Ragnheiður og Freydís kynntu vinnu sína á innanhússþingi nú í vor og er ljóst að mikil þróunhefur átt sér stað, með framfarir nemenda að leiðarljósi. Nemendur 4. bekkjar uppskáru mjög góðan námsárangur á samræmdum prófum í stærðfræði í haust. Aðrir kennarar á yngsta stigi hyggjast taka þátt í þessari þróun á komandi skólaári og verður spennandi að sjá árangurinn af því.

Í Oddeyrarskóla voru áfram haldnir faggreinafundir kennara á unglíngastigi í öllum Eyjafirði, en með þessum fundum var ætlun að kennarar ættu faglega samræðu um nýtt hæfnimiðað námsmat. Kennarar virtust mjög ánægðir með fundina.

## Námskeið og fræðslufundir í tengslum við skólastarfið

### Fræðsla / endurmenntun á skólaárinu

- Allir kennarar sóttu málþing í Brekkuskóla um hæfnimiðað nám og námsmat, þar sem nokkrir kennarar úr Oddeyrarskóla sáu um menntabúðir.
- Haldnir voru tveir faggreinafundir kennara á Eyjafjarðarsvæðinu sem koma að 10. bekk um hæfnimiðað námsmat. Oddeyrarskóli annaðist skipulag faggreinafundanna og voru þeir haldnir í skólanum.
- Stjórnendur sóttu á haustönn fjórskipt námskeið á vegum kennaradeildar háskólans á Akureyri um móttöku kennaranema og nýliða.
- Aðrir starfsmenn en kennarar hófu sitt starfsár með námskeiðum á vegum Símeypjar.
- Skólastjórnendur sóttu vikulanga ráðstefnu í Hollandi á vegum ESHA sem eru samtök skólastjórnaenda í Evrópu. Á ráðstefnunni var sjónum beint að námi á 21. öldinni og þeim tækifærum sem nútíminn býður upp á í námi og kennslu.
- Haustþing BKNE og FSNE var haldið 16. september. Þar fengu kennarar erindi frá Ingivari Sigurgeirssyni prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands um helstu sóknarfærin í menntamálum. Sólveig Zophoniasdóttir var með erindi um heimspeki með börnum og samræður til náms og kennarar fengu kynningu á Lesferli Menntamálastofnunar.
- Tveir kennarar af miðstigi sóttu 5 daga námskeið í PMT grunnmenntun.
- Þrjú kennarar úr UT teymi skólans fóru í skólaheimsóknir í Englandi til að kynna sér starfshætti skóla sem notfærir sér Google for Education umhverfið í námi nemenda. Í sömu ferð sóttu þær Bett ráðstefnuna í London.
- Læsis-teymið fór til Bretlands í skólaheimsókn til að kynna sér samræður í kennslu.
- Í lok apríl kom Hanna Björg Vilhjálmisdóttir kennari í kynjafræðum með erindi um jafnréttismál. Kolbrún Hrunð Sigurgeirsdóttir verkefnastýra jafnréttismála skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, flutti einnig stutt erindi.
- Þriðjudaginn 2. maí var haldið innanhússþing, þar sem kennarar kynntu áhugaverð verkefni sem þeir hafa verið að vinna að í vetur og tengjast lykilhæfni Aðalnámskrár. Dagurinn var virkilega ánægjulegur og gaman að sjá hvað verið er að vinna að mörgum spennandi og fjölbreyttum verkefnum í skólanum.
- Tvisvar á vorönn fóru stjórnendur á fræðslufundi með öðrum stjórnendum í Eyjafirði í tengslum við lærdómssamfélag.

## Starfsfólk - vinnustaðurinn Oddeyrarskóli

Samkennd, samstarfsvilji og vinátta einkennir starfsmannahóp Oddeyrarskóla.

Starfsmönnum er annþ um skólann og vinnustaðinn. Starfsmenn virðast almennt ánægðir með starf sitt og starfsandann og hafa margir á orði sem heimsækja skólann að það sé gott andrúmsloft í skólanum. Þetta sýnir sig m.a. í því að þátttaka í sameiginlegum viðburðum starfsmanna er jafnan góð. Það er mikils vert og mikilvægt að viðhalda því.

Starfsmannahópurinn tók þátt í Lífshlaupinu í vetur eins og síðastliðinn vetur. Markmiðið var að bæta árangur síðasta árs, en þá lentu starfsmenn í 3. sæti. Nú í vetur lönduðum við öðru sætinu og þá er ljóst hvert eigi að stefna á næsta ári. En eins og í fyrra sigraði vinnustaðurinn Oddeyrarskóli Akureyrarkeppni Lífshlaupsins og heldur því farandbikarnum.

Veturinn var að sumu leyti þungur fyrir starfsandann, þar sem kjarabaráttu kennara reyndist erfið og löng. Samningar náðust og var þá gerð sérstök bókun sem fjallað er um hér að aftan.

## **Bókun 1 - vinna vegna bókunar í kjarasamningum kennara haustið 2016.**

Þegar kennarar samþykktu gildandi kjarasamning var gerð bókun, sem snýr að því að meta starfsumhverfi kennara og vinnumat sem samþykkt hafði verið í næstu kjarasamningum á undan. Samningsaðilar voru sammála um að framkvæmd þeirra breytinga hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því væri hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmiðið var að bæta framkvæmdina þar sem þörf væri á og ná sátt um starfsumhverfið. Beina skyldi sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfinu og létta álagi af kennurum þar sem við eigi.

Settur var saman stýrihópur þriggja kennara við skólann til að vinna með verkefnastjóra Akureyrarbæjar um Bókun 1. Fengnar voru upplýsingar frá rýnihópum kennara við skólann og jafnframt var lögð viðamikil könnun fyrir kennara til að skýra myndina enn frekar.

### **Helstu niðurstöður**

Margt kom fram í niðurstöðum kennara sem þarf að skoðast betur. Unnin var úrbótaáætlun og athugasemdir flokkaðar eftir því hvert þær ættu að berast. Þær munu ýmist berast til samninganefndar og sveitarfélags, fræðslustjóra, skólastjórnenda skólans og kennara skólans.

Það sem helst snýr að því sem skólinn þarf að betrumbæta er viðvera stjórnenda, þ.e. að vera alltaf til taks þegar kennarar þurfa á að halda og því sé það slæmt að stjórnendur séu bundnir í kennslu. Endurskoða þarf kennslugögn, þ.e. myndavélar, kennarpúlt ofl. Kennarar óska eftir endurskipulagningu á upplýsingaflæði og að verkefnum verði fækkað og þeim forgangsraðað til að létta álagi á kennara. Kennarar óska eftir fækkun funda og endurskipulagningu nefndarstarfa til að minnka álagið.

Tillögur kennara hafa verið skoðaðar og sumar fóru áfram í nánari vinnslu og fara í umbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár. Sumt hefur nú þegar verið endurbætt, eins og t.d. upplýsingaflæðið.

## **Úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa**

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér

braut til framtíðar. Þetta felur m.a. í sér að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir björginni.

### Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru m.a.

- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda og námstækni.
- Vinna gegn brotthvarfi úr grunn- og framhaldsskóla.
- Persónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur.
- Námskeið- sjálfsefling, félagsfærni og tilfinningastjórnun, ADHD, lesblinda og námskeið um samskipti stúlkna og drengja.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Fundarseta í nemendaverndaráði, eineltis- og áfallateymi, jafnréttisnefnd og lausnateymi, teymi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar.
- Tengiliður við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar.
- Samráð við starfsfólk skólans um hegðun og líðan nemenda.
- Samráð við foreldra um málefni sem varða framgöngu barna/unglinga.
- Samráð við stofnanir um einstaka nemendur.
- Situr einstaka teymis- og stigsfundi sem og aðra fundi með foreldrum og eða kennurum sem snerta nemendur.

[Upplýsingar](#) um fjölda nemenda í hverjum bekk sem notuðu þjónustu námsráðgjafa. Fjöldi skráðra mála hjá námsráðgjafa eru alls 320 og er ekki allt talið og voru það tæplega 41% nemenda sem notuðu þjónustuna. Eins og sést á þessari mynd voru fleiri stelpur en strákar sem sóttu til námsráðgjafa, alls 78 nemendur. Helst bar á kvíða og vanlíðan ýmiskonar sem börn og foreldrar sóttu eftir stuðningi með. Námsráðgjafi fann fyrir því að ekki tókst alltaf að fylgja nemendum eftir eins og hann hefði kosið og þurftu sumir að bíða frekar lengi eftir að komast að hjá námsráðgjafa.



Heildarfjöldi nemenda 192

Strákar 97

Stelpur 95

Nokkuð jöfn dreifing er á milli aldurs þeirra sem óskuðu eftir stuðningi. Nemendur í 1. bekk til 10. bekk notuðu þjónustu námsráðgjafa. Huga þarf sérstaklega að þeim bekkjardeildum þar sem samsetning nemendahópsins er þung og þarf að halda áfram með öflugra forvarnavinnu. Skoða þarf hvort lausnateymið geti komi meira eða öðruvísi að þeirri vinnu en áður, bæði með stuðning/eftirfylgni við kennara og ekki síður nemendur.

Námsráðgjafi hef reynt að beina sjónum að velferð nemenda eins og oft áður og hefur unnið að því að sækja um styrki í sjóði til að mæta þörfum þeirra og þróa nýjar leiðir í þeim efnum með velferð nemenda að leiðarljósi. Hafa nú þegar fengist 1.150.000 kr. sem er vel. Einnig er ótalið framlag Sigríðar Þórisdóttur í DAM verkefnið sem er mikið ef ætti að setja verðmiða á það.

Námsráðgjöf þessa vetrar hefur verið með aðeins öðru sniði frá því árinu á undan. Mjög lítil starfsfræðsla hefur verið í vetur, 9. bekkur fór í sína hefðbundnu starfskynningar sem gengu vel og voru með kynningu fyrir foreldra sína, nemendur og kennara. Námsráðgjafi fór í 8. bekk með fræðslu í námstækni og skipulagi. Framhaldsskólakynning var fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í VMA og í MA fyrir 10. bekk. Framhaldsskólakynning VMA verður nú með breyttu sniði og mun framvegis vera fyrir nemendur í 9. bekk eftir áramótin. Stutt sjálfsstyrkingarnámskeið var fyrir nemendur í 6. bekk eða fjögur skipti í stað sex áður sem kom til vegna tímaskorts. Jafnréttisfræðsla var í 5. og 6. bekk sjá [skýrslu um jafnréttismál](#). Þar sem farið er yfir hvað hefur verið gert í þeim málum á þessu skólaári og mér er kunnugt um. Starfamessan sem haldin var í vor gekk vel. Undirbúningurinn að þessum degi hafði tekið nokkurn tíma en þeir sem komu að deginum voru sáttir hvernig gekk og er stefnt að því að hann verði haldinn aftur. Þetta er fyrsti veturinn í langan tíma þar sem nemendum hefur ekki boðist að taka þátt í mentorverkefninu en það var ekki í gangi vetur - sem er miður því það verkefni hefur mikil og jákvæð áhrif fyrir krakka á þessum aldri. Nokkrir strákar tóku þátt í Tóta verkefninu í Rósenborg og voru ánægðir með það. Hinsvegar voru nemendur á mistigi ekki jákvæðir fyrir því að taka þátt í klúbbstarfi sem félagamiðstöðin bauð uppá.

## Forvarnarfræðslur í Oddeyrarskóla

### September

- 1. bekkur fær fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi

### Október

- 9. bekkur - Forvarnadagurinn — Rósenborg
  - Viðfangsefni: Jafnrétti/Hamingja

### Nóvember

- 5. bekkur - Fræðsla frá Lóu (Netið)
- 10. bekkur - Fjármálavit
- 9. bekkur - Hinsegin
- 9. bekkur - Grófin

### Desember

- 8. bekkur - Sigga Dögg
- 7. bekkur - Netið og samskipti

### Janúar

- 8. bekkur - Vímuefnavarnir
- 9. bekkur - Vímuefnafræðsla
- 7. bekkur - Aflið

### Febrúar

- 10. bekkur - Þorgrímur Þráins – 10. bekkur – 09:30
- 5. - 7. bekkur - Þorgrímur Þráins – 5.-7. bekkur – 10:35
- 9. bekkur – Aflið – 9. bekkur fer í heimsókn

### Mars

- 2. bekkur - Krakkarnir í hverfinu (Hrísey verður með)
- 3. bekkur - Leyndarmálið (Þuríður + umsjón)

- 6.bekkur - Fjölmennningarfræðsla
- 7.bekkur – Hinsegin fræðsla

#### **Apríl**

- 10. bekkur - Vímuefnafræðsla
- 6. bekkur - Ég er eins og ég er
- 8. bekkur SAFT – 8. bekkur

#### **Mái**

- 10. bekkur -Eining lōja – 10. bekkur

## Úr skýrslum frá kennurum

Mjög áberandi er þegar lesið er í gegnum vorskýrslur kennara hvað mörg og fjölbreytt þemaverkefni hafa verið unnin á öllum stigum. Verkefnum þar sem nemendur eru leynt og ljóst þjálfaðir í lykilhæfni sem snýr að alhliða þroska nemandans; tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Verkefni sem þessi leggja grunninn að góðum vinnubrögðum sem mikilvægt er fyrir alla að tileinka sér.

Sem dæmi um þau fjölmörgu þemaverkefni sem voru unnin í vetur má nefna Húsin á Eyrinni sem unnið var á unglingastigi. Nemendur skoðuðu upplýsingar um húsin í bókum á bókasöfnum og notuðu landupplýsingakerfi þar sem hægt er að sjá teikningar af mörgum húsum. Þeir skrifuðu stuttan pistil um sögu hússins byggðan á gögnum úr viðtali, af neti og úr bókum. Það sem átti að koma fram í greinagerðinni var t.d. byggingarár, íbúar, merkilegir viðburðir, stærð, breytingar, stíll, arkitekt og byggingarmeistari. Þeir áttu enn fremur að taka stutt viðtal við einhvern sem þekkir til sögu hússins t.d. íbúa í húsinu.

Kennarar á miðstigi í samvinnu við list- og verkgreinakennara útbjuggu verkefni í tengslum við hafið. Nemendur horfðu á myndbönd frá sjónvarpsstöðinni N4, Auðlindir hafsins. Unnin voru ýmis verkefni tengd hafinu og var aðaláherslan lögð á uppsjávarfiska, veiðarfæri og skipagerðir. Nemendur gerðu teikningar, hugtakakort, fræðslugrunna og bjuggu til spurningar úr efninu. Uppúr spurningunum var unninn spurningagrunnur og farið var í Quizet live úr þeim, við mikinn fögnuð nemenda.

Á yngsta stigi er kennslan ekki eins greinabundin og á eldri stigum og fer stór hluti náms nemenda fram í gegnum ýmis konar þemaverkefni, þar sem hæfnimiðað nám er í aðalhlutverki. Dæmi um verkefni má nefna kartöflur og Harry Potter en í því verkefni var sagan nýtt til að efla hjá nemendum margvíslega færni og vinna að markmiðum námskrár. Í gegnum fjölbreytt verkefni vetrarins var unnið að því að hafa námið þannig að hver og einn nemandi næði árangri miðað við eigin forsendur, hann væri öruggur og námsumhverfið væri hvetjandi. Tekið var mið af áhuga, hæfileikum og þroska nemandans þegar verkefni voru skipulögð og reynt að aðlaga námsefnið að þessum þáttum.

Kennarar bæði á mið- og unglingastigi tala mikið um hvað nýjar Cromebook tölvur hafi haft mikil áhrif á nám og kennslu. Aukið aðgengi að tölvum hefur leitt til þess að kennarar eiga auðveldara með að halda utan um verkefni nemenda og geta boðið nemendum upp á til muna fjölbreyttara og skemmtilegra nám. Lang flestir kennarar á mið- og unglingastigi halda utan um verkefni nemenda sinna inn á google classroom. Áhugi og eldmóður kennara í þessum efnum skilar þeim langt.

Á yngsta- og miðstigi var unnið með forritun og var almennur áhugi á því. Nemendur í 6. og 7. bekk fengu Micro:bit tölvur sem vakti mikla gleði. Nemendur lærðu m.a. að búa til myndbönd og taka upp hljóðskrár.

Áhersla á læsi og samræður voru áberandi á öllum stigum.



## Lokaorð

Þá er yfirferð um skólastarfið skólaárið 2016-2017 lokið. Vafalaust eru þættir sem mættu fá ítarlegri umfjöllun, en hér verður látið staðar numið. Ef áhugasamir óska nánari upplýsinga um einhverja matsþætti eða skólastarfið má gjarnan leita til stjórnenda skólans.

Tilgangur innra mats skóla er ávallt sá að nýta upplýsingar sem best til að bæta skólastarfið. Samhliða gerð þessarar skýrslu var því unnin umbótaáætlun sem stjórnendur, kennarar og starfsmenn vinna eftir á komandi skólaári. Umbótaáætlun er einnig birt á heimasíðu skólans.

Í heildina var skólaárið fjölbreytilegt og skemmtilegt og birtist það m.a. í mörgum verkefnum sem skólinn tók þátt í. Það má m.a. sjá á fréttavef heimasíðunnar okkar, [www.oddeyrarskoli.is](http://www.oddeyrarskoli.is). Lagt hefur verið upp úr því að heimasíða skólans sé líflæg og sem aðgengilegust og að hún gefi góða innsýn í skólastarfið okkar. Það er von okkar að nemendur, foreldrar og aðrir sem tengjast skólanum geti nýtt sér síðuna sem best. Heimasíðan er einnig tengd facebooksíðu skólans, þannig að í hvert sinn sem ný frétt kemur á fréttaveitu heimasíðunnar birtist hún sem ný færsla á síðu skólans á facebook.

Þessi samantekt er grunnur að umbótum í skólastarfinu og það er von okkar að hún nýtist skólasamfélaginu öllu vel. Allar ábendingar, varðandi skýrslu þessa, heimasíðuna eða annað sem tengist skólastarfinu eru ávallt vel þegnar.

Júní 2017

Fjóra Kristín Helgadóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Rannveig Sigurðardóttir

stjórnendur Oddeyrarskóla